

# Starfsþróunaráætlun Þelamerkurskóla 2019-2020

## Hugtakið starfsþróun

Á [vef fagráðs](#) um símenntun og starfsþróun kennara og stjórnenda er tillaga ráðsins að skilgreiningu á starfsþróun:

*Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.*

## Innri starfsþróun og ytri starfsþróun

Í Þelamerkurskóla er gerður greinarmunur á innri og ytri starfsþróun. Áhersla er lögð á jafnvægi milli innri og ytri starfsþróunar með það markmið að leiðarljósi að starfsþróunin skili sér beint í starfið með nemendum og verði sýnileg í starfi viðkomandi starfsmanns. Ytri starfsþróun felur til dæmis í sér námskeið, vinnustofur, ráðstefnur, fræðslufundi og þátttöku í verkefnum með utanaðkomandi aðilum. Innri starfsþróun felur til dæmis í sér ígrundun í teymum með lausnaleit að leiðarljósi, verkefni sem byggja á félagastuðningi og þróunarverkefni byggð á hugmyndafræði starfendarannsóknna.

## Starfsþróunarverkefni Pelamerkurskóla 2019-2020

| Hver  | Hvað  | Hvenær   |
|---|---|--|
| Allt starfsfólk   | <b>Sameiginlegur endurmenntunardagur starfsfólks samskólanna.</b><br><i>Fræðsla frá BUGL um tengsl og tengslavanda</i>                                      | 15. ágúst 2019   |
| Kennarar  | <b>FABLAB kynning í VMA</b>   | 16. ágúst 2019   |
| Umsjónarkennarar yngsta stigs                           | <b>Slóvenía - Erasmus verkefni um lífbreytileika</b>  |  |
| Kennarar á yngsta stigi                                 | <b>Eflum Byrjendalæsi - vinnusmiðjur</b><br>Samvinnuverkefni BMS, Dalvíkurskóla og grunnskóla Fjallabyggðar. Styrkt af endurmenntunarsjóði.                 | 5 vinnusmiðjur yfir skólaárið, blanda af námskeiðum og hagnýtri samvinnu |
| Umsjónarkennarar  | <b>Teymiskennsla - innri starfsþróun</b><br>Sérstök áhersla á rýni í eigin starfshætti og samræður um árangursríkar leiðir                                  | Allt skólaárið   |
| Iðjuþjálfari  | <b>Gerum gott betra - þjónusta við nemendur með fjölbreyttar þarfir</b><br>Samvinnuverkefni PMS, Naustaskóla og Dalvíkurskóla. Styrkt af Sprotasjóði.       | Haustönn 2019  |
| Fagmenntað starfsfólk                                   | <b>Menntabúðir Eymennt</b><br>Menntabúðir um rafræna kennsluhætti<br>Fjármagnað af Endurmenntunarsjóði grunnskóla   | Fjórum sinnum yfir skólaárið   |
| Allt starfsfólk og starfsfólk íþróttahúss og bílstjórar | <b>Olweus</b> gegn einelti - fræðsla  | Nóvember 2019  |
| Umsjónarkennarar, iðjuþjálfari og sérkennari            | <b>Stoðteymisfundir - innri starfsþróun</b><br>Markviss rýni í styrkleika og hæfileika nemenda og lausnamiðun í leiðum að aukinni virkni og bættum árangri. | Janúar - júní 2020   |

|                         |   |   |
|-------------------------|---|---|
| Fagmenntaðir starfsmenn | <b>Lestur og læsi</b><br>Fræðslufundur og vinna í kjölfarið | Fræðsla á teymisfundum<br>Fræðslufundur 10. febrúar 2020<br>Í gangi allt árið |
| Allt starfsfólk         | <b>Fræðsla um einhverfu frá Áslaugu Melax</b>               | 3. janúar 2020  |
| Umsjónarkennarar        | <b>Teymisfundir með skólastjóra. SVÓT greining teymis.</b>  | desember 2019 - janúar 2020   |
| Umsjónarkennarar        | <b>Mentor fræðsla</b>                                       | 1x yfir skólaárið fyrir hvern og einn   |
| Allt starfsfólk         | <b>Skyndihjálp og áfallahjálp. Frá RKÍ</b>                  | Febrúar 2020  |
| Allt starfsfólk         | <b>Þjálfun í notkun slökkvitækja</b>                        | Apríl 2020  |
| Allt starfsfólk         | <b>Tæknilegó námskeið</b>                                   | Mars 2020   |
| Allt starfsfólk         | <b>Námsferð til Gdansk</b>                                  | Júní 2020   |
|                         | <b>Starfsþróun að eigin vali</b>                            |   |

## Fjármögnun starfsþróunar

Skólinn og starfsmenn skipta kostnaði við starfsþróun með sér. Starfsmenn geta nýtt sér styrki úr endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna og aðra þróunarsjóði til að standa straum af kostnaði vegna starfsþróunar. Skólinn sér um að greiða námskeið sem eru fyrir alla starfsmenn eða þegar hann ætlar einstökum starfsmönnum að sækja ákveðin námskeið, þing eða ráðstefnur.

| <b>Skólinn greiðir 100%</b><br>Laun starfsmanns og þátttökugjald | <b>Skóli og starfsmaður deila með sér kostnaði</b>                  | <b>Starfsmaður greiðir 100%</b>  |
|--|---|--|
| Starfstengd, ósk stjórnenda og þátttaka er innan/utan vinnuramma | Starfstengd en ekki forgangsmál – þátttaka innan eða utan vinnutíma | Óljós, lítil eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda |
| Stundum starfstengd en ekki forgangsmál – þátttaka í vinnutíma.  | Hugsanlega starfstengd, ósk starfsmannsins og utan vinnutíma.       |  |

## Réttindi og skyldur varðandi starfsþróun

Í kafla 10 í [kjarasamningi FG og LNS](#) kemur eftirfarandi fram:

- Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. (Sjá einnig lög um grunnskóla nr, 91/2008 og reglur námsleyfasjóðs grunnskólakennara og skólastjórnenda grunnskóla).
- Gert er ráð fyrir að grunnskóli setji fram starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna.
- Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.
- Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.
- Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.
- Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.
- Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla.

- Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.
- Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

## Skráning á starfsþróun

Starfsmaður heldur utan um eigin símenntun og starfsþróun og skráir í Tímon. Á starfsdegi að hausti kynnir hver kennari samstarfsfólki áform sín um starfsþróun. Markmið þess er að hópurinn geti fundið sameiginlegan áhuga, námskeið eða aðrar leiðir til starfsþróunar og geti stutt hvert annað og lært hvert af öðru. Á starfsdegi fyrir lok skólaársins er farið yfir áformin og afrakstur þeirra og áform um starfsþróun sumarsins.

## Útreikningur á tímum til starfsþróunar

1. Á starfstíma skóla og innan vinnuramma **stuðull 1**
2. Á starfstíma skóla utan vinnuramma **stuðull 1,33**
3. Á starfstíma skóla utan vinnuramma (helgar) **stuðull 1,45**
4. Utan starfstíma skóla **stuðull 1**
5. Kynning eða kennsla sem þú sérð um **stuðull 4**

## Endurskoðun starfsþróunaráætlunar

Starfsþróunaráætlun Pelamerkurskóla þarf sífellt að vera í endurskoðun. Áætlunin byggir á niðurstöðum úr starfsmannakönnunum, starfsmannasamtölum og mati á þörfum skólastarfsins fyrir þróun.